



SKRÁNING

NAFN: _____

HEIMILI: _____

GSM: _____ EMAIL: _____

FÆÐINGARÁR: _____ KIRKJA: _____

UNDIRSKRIFT ÞÁTTTAKANDA*:

* Með undirskrift sinni samþykkir þátttakandi að taka þátt í allri auglýstri dagskrá og að hlíta reglum mótsins í hvívetna.

UNDIRSKRIFT FORRÁÐAMANNS*:

* Með undirskrift sinni leyfir forráðamaður að viðkomandi unglingur taki þátt í mótinu á Hrafnagili og lýsir yfir stuðningi við reglur mótsins.

NÁNARI SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR:

OFNÆMI O.Þ.H.:

Mikilvægt er að leiðtogar viti um ofnæmi, lyf og sjúkdóma, fötun sem getur háð þátttöku einstaklingsins eða krefjast aukinnar aðstoðar af hendi starfsfólks.

SUND OG ÖNNUR DAGSKRÁ

Mikilvægt er að leiðtogar viti ef viðkomandi einstaklingur er illa eða ekki syndur eða þarfnast aðstoðar í einhverri þeirra dagskrárliða sem í boði eru, líka ef gerðar eru athugasemdir við frjálsan tíma á Akureyri (þar mega þau að öllu jöfnu ráða ferðum sínum sjálf um bæinn, án eftirlits.)

SKILA ÞARF ÞESSARI SKRÁNINGU Í SÍÐASTA LAGI SUNNUDAGINN 19. FEBRÚAR TIL LEIÐTOGA Í VIÐKOMANDI ÆSKULÝÐSFÉLAGI ÁSAMT GREIÐSLU FYRIR MÓTIÐ, KR. 7.000 + rútugjald.-



Æskulýðsmót Kirkjunnar í Hrafnagilsskóla

24.-26. febrúar 2012

Æskulýðsfélag er svona dæmi þar sem krakkar úr áttunda bekk og eldri hittast í safnaðarheimili eða kirkju og taka þátt í fjölbreyttri dagskrá. Sumir syngja mikið, aðrir hlusta á tónlist, þæla í biblíunni, fara í leiki, skemmta sér ... bara mísmunandi eftir því hver áhuginn er á hverjum stað fyrir sig. Stundum hittast krakkarnir úr æskulýðsfélagunum. Það er kallað æskulýðsmót. Eitt slíkt verður í Hrafnagilsskóla í febrúar. Ef þú ert í æskulýðsfélagi á Norður- eða Austurlandi, þá er mjög líklegt að félagið þitt sé að fara á mótíð - er ekki málið að þú komir með?

Spurðu prestinn þinn - það er upplýsingar!



Dagskrá

Föstudagur

19:00 Mætt á staðinn

19:30 Kvöldverður

20:00 Íþróttahúsið opið - sundlaugin opin

21:00 Kvöldvaka í íþróttahúsinu

22:00 Kvöldhressing í Hjartanu

22:15 Fjölbreytt dagskrá, diskó, dvd, spilaklúbbur, félagsfundir, kynning á valdagskrá laugardagsins og skráning.

00:00 Helgistundir

00:30 Ró

Laugardagur

09:00 Vakið

09:10 Morgunverðarhlaðborðið opnar

09:30 Sundlaugin opnar

10:20 Morgunhelgistund í Hjartanu

10:30 - 12:00 **Valdagskrá** og fræðsla, fyrri hluti

12:00 Hádegisverður

13:00 - 14:30 **Valdagskrá** og fræðsla, seinni hluti

14:30 Síðdegishressing

15:00 Ekið til Akureyrar, þar tekur við frjáls tími og æfingar fyrir HÆNU

18:00 Laufléttur kvöldverður í safnaðarheimili Akureyrarkirkju

19:30 HÆNA - sjá sér auglýsingu!

22:00 Ekið til baka, þegar komið er til baka hefst undirbúningur heimboða

23:00 - 00:30 Heimboð - hvert æskulýðsfélag er með dagskrá í einni skólastofu, þar sem félagið býður öðrum í heimsókn. Hvert heimboð tekur 20 til 30 mínútur. - Sjá nánar í bréfi til æskulýðsfélaganna.

00:30 Frágangur eftir heimboð og félagsfundir sem enda með helgistund.

01:00 Ró

Sunnudagur

08:30 Hægt að komast í sturtu

09:00 Vakið

09:10 Morgunverðarhlaðborð

10:00 Tiltekt og frágangur

10:30 Ekið af stað á Svalbarðsströnd

11:00 Guðspjónusta í Svalbarðsstrandarkirkju, ekið heim að henni lokinni.

Mótsstjóri er sr. Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur, s. 897 3302, netfang: gudmundur.gudmundsson@kirkjan.is

Flottir hópar í valdagskrá, m.a.:

* IceStep

* Tónlist

* Leiklist

* Bakstur

* Handiðn

* Skógarævintýri

* Lífsstílsráðgjöf

* Fréttahópur

... og fleira



Jesús segir: „Náð mín nægir þér”

Suma daga er ótrúlega erfitt að vera til. Stundum mætti halda að það væru bara fullkomnu manneskjurnar sem fá að vera með í því sem er skemmtilegt. Við hin sem erum ekki fullkomin verðum útundan. Þau okkar sem berjast við veikindi eða búa við varanlega fötlun þekkja þetta mjög vel. Í smá tíma fær viðkomandi að upplifa að honum er vorkennt, en svo ekki söguna meir. Mörg okkar þekkja það að sagt er: „Nei, þú ert ekki nógu góð(ur) í ... og þess vegna getur þú ekki verið með." Það sem er verst, er að við förum að trúa þessu sjálf. Við látum dómhörku annarra hafa þau áhrif á okkur að við förum að tala svona við okkur sjálf. Hver þekkir ekki setningar eins og „Ég kann þetta ekki ..." „Ég er of ung ..." „Ég er of lítill ..." „Ég hef aldrei gert þetta ..." Ef við bætum annarri setningu við slíkar setningar og segjum: „en mig langar til að læra" sýnum við strax að við berum virðingu fyrir sjálfum okkur. Þau sem lesa í Biblíunni hafa kannski rekist á það að Jesús tók sér gjarnan tíma til að tala við þau sem fannst erfitt að vera til, við þau sem voru útundan, við þau sem leið illa. Í eitt skiptið sagði hann: „Náð mín nægir þér" Hvað átti hann við með því? Á helgi-stundum, í fræðslunni og í guðspjónustunni á mótinu ætlum við að ræða um það.

Reglur

- Hér gildir auðvitað gullna reglan: Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður skuluð þér og þeim gjöra. Allir ættu að fara eftir henni af fremsta megni.
- Meðferð og neysla áfengis og vímuefna er óheimil á mótinu Haft verður skilyrðislaust samband við forráðamenn þeirra sem brjóta þessa reglu og viðkomandi sendur heim á þeirra kostnað.
- Reykingar eru ekki leyfðar á mótinu. Við fyrsta brot verður haft samband við forráðamenn. Verði reykinga aftur vart verður viðkomandi sendur heim á þeirra kostnað.
- Góð umgengni er mikilvæg. Þátttakendur bera saman ábyrgð á öllu því húsnæði sem er opið mótsgestum. Þeir sem valda skemmdum á húsnæðinu er gert að bæta tjónið.
- Á auglýstum kyrrðartíma eiga allir að vera komnir á sína svefnstaði og forðast háreysti.
- Skyldumæting er á alla auglýsta dagskrá mótsins. Þátttakendum ber að hlýða leiðtogum sinnar kirkju, starfsfólki og mótsstjóra.